**Nd. 342. Breytingartillögur [85. mál]**

við frv. til laga um efnahagsaðgerðir.

Frá sjávarútvegsráðherra.

1. 5. tl. 4. gr. orðist svo:
   Krónur 38 milljónir renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.
2. Á eftir 5. tl. 4. gr. komi nýr liður, sem verði 6. tl., svohljóðandi:
   Eftirstöðvum, ásamt vöxtum, skal ráðstafað skv. nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins í samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis.